

Fundarstjórn: Reynir

Fundarritari: Sóley

Mættir: Sigríður Herdís, Reynir, Vigdís Diljá og Sóley (í fjarfundi)

Efni fundar:

1. Samráðsvettvangur fyrir foreldraráð í sameiginlegu sveitarfélagi.
2. Sýnileiki foreldraráðs.
3. Covid 19 ráðstafanir.
4. Önnur mál

1. Samráðsvettvangur foreldraráða

Allir leikskólastjórar hins nýja sveitarfélags koma til með að funda síðar í vikunni. Sigga Dís ætlar að kanna stöðu foreldraráða á þeim vettvangi og afla upplýsinga um tengiliði í öllum leikskólum. Í kjölfarið ætlar Reynir að stofna sameiginlegan hóp á facebook.

2. Sýnileiki foreldraráðs

Stefnum á að setja kynningu á foreldraráði inn á facebook hópinn "Foreldrar barna á Tjarnarskógi" á næstu dögum. Sigga Dís sendir kynningu einnig í tölvupósti og bendir í leiðinni á fb hópinn.

Reynir athugar með netfang fyrir foreldraráð hjá Helgu.

3. Covid ráðstafanir

Staðan í dag er sú að foreldrar koma ekki inn í fataklefa, fjöldatakmarkanir eru á kaffistofum starfsmanna og fyrirkomulagi starfsmannafunda hefur verið breytt.

Starfsmenn sem finna fyrir einkennum eru duglegir að fara í skimun. Eins og sakir standa er ekki tilefni til hertari aðgerða en áætlanir um slíkt eru tilbúnar og verða virkjaðar um leið og þörf er á.

4. Önnur mál

Þrátt fyrir að engin covid smit hafi greinst á svæðinu og staðan talin almennt góð er álag á starfsfólki leikskólans. Lægri þolmörk vegna flensueinkenna orsaka meiri fjarveru starfsfólks vegna veikinda. Því til viðbótar hefur undirbúningstími leikskólakennara aukist með nýjum kjarasamningum.

Foreldraráð og leikskólastjóri ætla að kynna betur fyrir foreldrum þann valmöguleika að hafa breytilegan vistunartíma fyrir börn sín. Það getur bæði létt undir leikskólastarfinu en ekki síður komið fjölskyldum til góða.

Fræðslustjóri hefur heimilað að starfsfólk leikskólans taki út hálfan starfsdag sem það átti inni frá liðnum vetri 27.október næstkomandi og kemur þá í kjölfar skipulagsdags skv. skóladagatali 26.okt. Starfsmenn munu sitja málþing Félags leikskólakennara sem ber yfirskriftina „Bara“ leikur? og fjallar um frjálsan leik barna.

Foreldraráð benti á mjög skamman fyrirvara á þessum auka starfsdegi og að þrátt fyrir að um “hálfan” dag sé að ræða (leikskólinn verður lokaður frá 8-13) sé tímasetningin til þess fallin að fæst börn komi til með að mæta restin af deginum. Einnig benti foreldraráð á að það væri vafalaust óhentugt fyrir mörg heimili að leikskólinn taki tvo starfsdaga í röð.

Fundi slitið 17:40